

## Fundur í skólanefnd FVA 30. nóvember 2020

### Haldinn á Teams, kl 16-17

**Mætt:** Þórdís Þórisdóttir, Helga Kristín Björgólfsdóttir, Ellert Jón Björnsson, Viktor Elvar Viktorsson, Ingbór Bergmann Þórhallsson, Dröfn Guðmundsdóttir fulltrúi kennara, Úrsúla Árnadóttir fulltrúi foreldrafélags, Steinunn Inga Óttarsdóttir skólameistari, Dröfn Viðarsdóttir aðstoðarskólameistari og Guðrún Lind Gísladóttir fjármálastjóri.

#### **Dagskrá fundarins:**

Fjármálaáætlun fyrir næsta ár  
Stefnumótun ríkisaðila til þriggja ára  
Ráðning aðstoðarskólameistara  
Önnur mál

Steinunn Inga Óttardóttir bauð fundarmenn velkomna.

#### **1. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár**

Guðrún Lind Gísladóttir fjármálastjóri fór yfir rekstraráætlun næsta árs.

Hún byrjaði á að fara yfir stöðu ársins í ár. Árið 2020 um margt sérstakt m.a. er tap á rekstri heimavistar og mötuneytis vegna covid. Búið er að senda ráðuneyti beiðni um bætur vegna taps sem má rekja til Covid. Henni hefur ekki verið svarað. Gert er ráð fyrir árið 2020 komi út með 1,5 milljón króna í hagnað. Guðrún fór yfir nokkrar lykiltölur í reikningum þessa árs.

Farið var yfir tölur fyrir næsta ár, sagði Guðrún frá þeim breytingum sem gert er ráð fyrir í launaliðum.

Ekki voru gerðar athugasemdir við fjárhagsáætlun. Guðrún Lind vék af fundi.

#### **2. Þriggja ára stefnumótun ríkisaðila:**

Steinunn Inga fór yfir þau þrjú markmið sem eru í stefnumótuninni og þrjú atriði í rekstrarmarkmiðunum. Hún fór yfir hvernig við ætlum að vinna að framkvæmd þessarar stefnumótunar.

Lýstu nefndarmenn ánægju sinni með þessi markmið, sérstaklega þau er lúta að nemendum með annað móðurmál en íslensku og nemendur sem fá D í grunnskóla.

#### **3. Ráðning aðstoðarskólameistara**

Steinunn sagði frá ráðningu aðstoðarskólameistara. Hún sagði frá ráðningarferlinu og að Dröfn Viðarsdóttir hefði verið endurráðin. Skólanefnd var upplýst um ákvörðun skólameistara.

#### **4. Önnur mál**

- a. Spurt var um hvernig haldið væri utan um nemendur sem eru að flosna úr námi. Sagt var frá vinnu kennara og námsráðgjafa við eftirfylgni með nemendum.

Spurt var hvort brottfall nemenda væri meira en venjulega, ekki er talið að mikið meira brottfall sé en í hefðbundnu ári.

- b. Nefndin benti á að tæknibúnaður kennara væri misjafn og kennsla væri misjöfn, verkefni einsleit og lítil kennsla í sumum námsgreinum. Mælt var til þess að kennarar nýttu fjölbreyttari kennsluaðferðir. Skólameistari sagði að kennarar væru að gera sitt besta við erfiðar aðstæður en endurmenntun á þessu sviði væri hægt að formgera strax í upphafi næstu annar. Þreyta væri komin í mannskapinn núna, bæði nemendur og kennara. Bent var á að námsáætlanir væru búnar til í upphafi annar í staðnámi og þær hefðu lítið breyst þrátt fyrir mikið fjarnám. Því var svarað að sú vinna stæði yfir í samráði við nemendur.

Þá var lýst yfir áhyggjum yfir félagslífi nemenda en formaður NFFA var fjarverandi.

- c. Spurt var hvort ekki ætti að breyta áföngum í fjarnám í stað þess að halda úti kennslu eins og hún er. Steinunn sagðist frekar vilja eins mikla staðkennslu og hægt er. Þá var spurt um skipulagið í öðrum skólum, hvort við getum lært af öðrum þeim. Steinunn fór yfir samstarf okkar við aðra skóla.
- d. Viktor sagði frá fyrirspurn sem hann fékk varðandi breytingu á innihaldi náms á vélvirkjabraut. Dröfn V. sagði frá vinnuferli varðandi þá braut og að þeirri vinnu væri ekki lokið, samráðsfundur verður næsta miðvikudag.
- e. Steinunn sagði frá verkefninu Grænum skrefum sem skólinn er þátttakandi í.

Fundi slitið kl 17.

Dröfn Viðarsdóttir

Fundarritari